



SLÖKKVILIÐ AKUREYRAR
FLUGVALLARFRÆÐSLA

VARME OVELSER TORP 2007
GARDERMOEN

2. – 8. júní 2007

Þorlákur Snær Helgason
Umsjónarmaður flugvallarfræðslu

Alfreð Birgisson
Flugvallarfræðsla

1. DAGSKRÁ

Námskeiðið var fyrir slökkviliðsmenn á Sandefjord Torb. Á námskeiðinu voru tvær vaktir A og C, alls 11 manns og tóku þeir vel á móti okkur Íslendingum og vorum við settir í hóp með A vaktinni. Æfingarnar voru skipulagðar þannig að önnur vaktin setti upp æfingu og hinn leysti hana.

Starfsfólkið tók vel á móti okkur, þau Jan Amundsen, Roar Pedersen, Goran Lindgren og Aud Larssen.

Laugardagur 2. júní

Farið til Reykjavíkur kl 20:25 og gist þar.

Sunnudagur 3. júní

Farið á fætur kl 04:00 og farið til Keflavíkurflugvallar og flugið tekið til Gardermoen (Óslo) kl 07:50. Komið var til Gardermoen kl 13:00 á staðartíma og þar þurftum við að bíða í 1 klst. eftir farangnum, þegar við komumst út úr tollinum, þá var Jan Amundsen sem ætlaði að taka á móti okkur farinn. Fórum við að upplýsingarborðinu til að kanna málið, þá vissu þau um okkur og höfðu samband við Jan sem kom og náði í okkur. Fór hann með okkur til HMS – brankursen og fengum við bíl til afnota, það sem eftir var á deginum fórum við í skoðunarferð um Noreg.

Mánudagur 4. júní

Fórum á fætur kl 07:00 en námskeiðið átti að byrja kl 08:30. Hófst námskeiðið með því að Jan fór yfir það sem var framundan og reglur um æfingasvæðið, þegar það var búið var farið á smá fyrirlestur um eðli elds og þar á eftir á fyrirlestur um almannavarnarkerfið í Noregi. Um kl 14.00 lauk öllum fyrirlesturum og fórum við þá í skoðunarferð um æfingasvæðið og fengum að prófa slökkvibílana. Í lok dags var farið í skoðunarferð um Gardermoenflugvöll, þar skoðuðum við nýju slökkvistöðina, neyðarlínuna fyrir Gardermoen, flugvallarsvæðið og var síðan farið upp í turn sem er 90 m hár.

Þriðjudagur 5. júní

Dagurinn hófst með klukkustunda fyrirlestri um slökkvifræði fyrir flugvélar. Síðan var farið út á æfingasvæðið og gerðar verklegar æfingar.

Æfingarnar byrjuðu á að við og A-vaktin fórum í að slökkva eld í hreyfli með handlínu (með vatni) og dufttæki. Handlínan er notuð sem skjöldur (dreifð buna) síðan er bunan aðeins þrengd og duftið sprautað inn í bununa og hreyfilinn (duftið hreyft fram og til baka). Þegar búið var að slökkva eldinn var farið inn í flugvélina og hún reyklosuð.

Æfing 2. Þurftum við að slökkva eld í hreyfli með monitor

Útkall 1 fyrir A-vakt og Íslendinga: Eldur í hreyfli og fólk í flugvélinni. Vorum við reykkafarar og fórum í að slökkva eldinn í hreyflinum og vorum síðan tilbúnir til að fara inn í

FLUGVALLARFRÆÐSLA

Slökkvilið Akureyrar, Árstíg 2 600 Akureyri, sími 461 4200

flugvélina eftir fyrsta reykköfunar teyminu og þurftum við að fara inn til hjálpar þegar þeir voru orðnir vatnslausir.

Útkall 1 sem við setum upp: Eldur í APU og fólk í flugvélinni.

Miðvikudagur 6. júní

Útkall 2 fyrir A-vakt og Íslendinga: Reykur í farangursrými og heitar bremsur. Þegar við komum á staðinn var kveiknað í hjólabúnaðnum og fórum við í að slökkva eldinn og síðan aðstoða við að koma fólkinu frá borði.

Útkall 2 sem við setum upp: Þyrlla sem lendir á litilli flugvél og það kveiknar í flugvélinni og mikill reykur er í þylrunni, fólk er í þylrunni en engin í flugvélinni.

Útkall 3 fyrir A-vakt og Íslendinga: Mikill eldur í flugvél og fólk um borð, vorum við bílstjórar og sjáum um dæurnar í þessari æfingu, leiðin á vettvang var lokuð og komust við ekki nógu nálægt og þurfti að leggja slöngur.

Útkall 3 sem við setum upp: Flugvél hrapar, kemur mikil eldur og fólk um allt. Leiðin að er lokuð með bíl.

Fimmtudagur 7. júní

Í dag vildi Jan að við Íslendingar mundu taka þátt í báðum æfingunum.

Útkall 4 fyrir A-vakt og Íslendinga: Mikill eldur í flugvél og fólk um borð, það sem við gerðum í þessari æfingu var að reykkafa og bjarga fólki úr flugvélinni og þegar við vorum búnir að ná fólkinu frá borði, þá aðstoðuðum við við leit af fólki utan flugvélar.

Útkall 4 fyrir C-vakt og Íslendinga: Mikill eldur í flugvél og fólk um borð, það sem við gerðum í þessari æfingu var að reykkafa og bjarga fólki úr flugvélinni og þegar við vorum búnir að ná fólkinu frá borði, þá stóð ég (Láki) vaktina og kældi flugvélina, meðan Alfreð fór í leit af fólki.

Það sem eftir var af deginum, var farið með okkur á safnið Forsvarets Flysamling Gardermoen

Föstudagur 8. júní

Farið á fætur kl 04.00 til að ná í flugvél til Íslands og var komið til Keflavíkur kl 08:30 og heim til Akureyrar kl 12:00

5. NIÐURSTAÐA

Niðurstaðan úr þessari ferð er sú að það er gott fyrir okkur að fara á aðra staði til að sjá hvað aðrir eru að gera og til að afla okkur nýrra þekkingar í þessu fagi.

Það er mjög gott að komast á svona gott æfingasvæði. Gott væri að senda alla starfsmenn Flugstoða sem koma að slökkvímálum á svona æfingasvæði og/eða gera eitt gott æfingasvæði á Íslandi.

Smá tungumálavandamál komu upp en voru þau leyst.

Slökkvibílararnir fyrir æfingasvæðið voru gamlir og þreytir og annar þeirra var alltaf að bila. Einnig urðum við að vinna eftir almannavarnarkerfi Noregs sem er allt annað en okkar en það kom ekki á sök.

Eftir þessa ferð tel ég mig miklu betri í að starfa sem flugvallarslökkviliðsmann og til kennslu á því sviði.

Ég þakka ykkur hjá Flugstoðum og Slökkvilið Akureyrar fyrir að senda okkur í þessa ferð.

6. MYNDIR



Bílinn sem við höfðum



Skólinn og gisting



Kennslustofa 1



Slökkvistöðin á æfingasvæðinu



Stóra flugvélin



Litla flugvélin



Þyrlan



Eldveggur



Kennslustofa á æfingasvæðinu



Æfingahúsið



Slökkvibíll 2




Slökkvibíll 1



A – vaktin



Æfingasvæði í slökkvistöðinni



Slökkvistöðin á Gardermoen flugvöll



Slökkvistöðin á Gardermoen flugvölli



Svæði til að prófa hreyfla



Kalda æfingasvæðið



Séð úr turni



Séð úr turni



Séð úr turni



Séð úr turni



Séð úr turni

FLUGVALLARFRÆÐSLA

Slökkvilið Akureyrar, Árstíg 2 600 Akureyri, sími 461 4200

Núna koma nokkra myndir af æfingum:





Hópurinn: A og C vakt frá Sandefjord Torb og við Íslendingarnir



Goran Lindgren



Jan Amundsen og Roar Pedersen

Þorlákur Snær Helgason
Umsjónarmaður flugvallarþjálfunar
Slökkvilið Akureyrar